

## LISTIR



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

Snorri Örn Snorrason, Rósa H. Guðmundsdóttir, Kristinn Svavarsson og Björn Th. Árnason, formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna.

## Þrjú hlutu heiðursgullmerki FÍH

FÉLAG íslenskra hljómlistarmanna fagnaði 70 ára afmæli sínu á dögunum. Af tilefni voru veittar heiðursviðurkenningar og þrjú hlutu heiðursgullmerki félagsins: Snorri Örn Snorrason, Rósa H. Guðmundsdóttir og Kristinn Svavarsson.

Heiðursviðurkenningar fengu Kammersveit Reykjavíkur, Blásarakvintett Reykjavíkur, Stórsveit Reykjavíkur og hljómsveitin Stuð-

menn. Þá hlaut Hafnarfjarðarbær viðurkenningu fyrir byggingu tónlistarskóla, Gunnar Þjóðólfsson fyrir starf sem sviðsstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ágúst Ágústsson sem sviðsstjóri ýmissa af helstu hljómsveitum landsins.

Þá veitti FÍH 25 styrki til hljótleikahalds á afmælisáriinu, að upphæð 100.000 hver.

Formaður FÍH frá árinu 1987 er Björn Th. Árnason.

# Hefnt af veikum mætti

## KVIKMYNDIR

Regnboginn, frönsk kvikmyndahátíð

HEFND MATTHIEUSAR (SELON MATTHIEU) ★★½

**Leikstjóri:** Xavier Beauvois. **Handrit:** Cédric Anger, Xavier Beauvois og Catherine Breillat. **Kvikmyndataka:** Caroline Champetier. **Aðalhlutverk:** Benoît Magimel, Nathalie Baye, Antoine Chappéy og Fred Ulysse. **Sýningartími:** 105 mín. **Frakkland, 2000.**

XAVIER Beauvois er ungur franskur leikstjóri sem vakti mikla athygli fyrir kvikmyndina *Hefnd Matthieusar* fyrir tveimur árum, þar sem veruleika verkafólks er lýst á áhrifaríkan en um leið hversdagslegan hátt. Myndin var m.a. valin til þess að keppa um Gullljónið í Feneyjum árið 2000 og laut þar í lægra haldi fyrir verðugum keppinaut, þ.e. írönsku kvikmyndinni *Dayereh* (Hringurinn) eftir Jafar Panahi.

Í *Hefnd Matthieusar* er tekið á mikilvægum hliðum í veruleika samtímans, þ.e. þeirri vanmáttarstöðu sem hinn óbreytti verkamaður í landi á borð við Frakkland finnur sig í á tímum alþjóðavæðingar. Fyrirtæki flytjast í auknum

mæli til vanþróaðri landa, þar sem atvinnuréttindi eru nær engin og laun lág. Hinn vestræni verkamaður verður því sífellt óþarfari, og þarf að sætta sig við gróft réttindaleyfi.

Í myndinni kynnumst við lífi og tilveru verkamannafjölskyldu, foreldrum og uppkomnum sonum þeirra, Matthieu og Eric. Faðirinn og synirnir vinna allir hjá sömu hátekniverksmiðjunni. Eric og kona hans vonast til þess að geta flutt í eigið hús fyrr en síðar, en öll fjölskyldan býr í föðurhúsinum. Hin hversdagslega tilvera er skyndilega rofin þegar faðirinn missir vinnuna fyrir það að brjóta reyklingabann og lendir skömmu síðar fyrir bíl. Matthieu sættir sig ekki við það valda- og réttindaleyfi sem fjölskylda hans hefur mátt þola og reynir að hefna sín.

Hin dapurlega saga kvikmyndarinnar er sögð á máta, sem færir áhófandann nálægt veruleika persónanna. Þetta er einkar vel smíðuð kvikmynd, þar sem látleysi hins daglega lífs er stefnt gegn tilfinningabrunnum atburðum, sem fá enn meiri vigt fyrir vikið.

Heiða Jóhannsdóttir



Eitt verkanna á sýningu nemenda í Myndlistaskóla Jurate Stauskaite í Vilnius.

## Myndlistarsýning frá Litháen

Í ANDDYRI Myndlistaskólans í Reykjavík stendur nú yfir sýning á verkum nemenda í barna- og unglingadeild Myndlistaskóla Jurate Stauskaite í Vilnius. Í tengslum við sýninguna flytur Arune Tornau myndlistarmaður fyrirlestur kl. 18 í dag þar sem hún kynnir verkefni sem hún vann með sígaunabörnum í Litháen, nálgun sína við þau og þau verk sem unnin voru.

Verkefnið var unnið með börnum sem búið hafa utan við almennt samfélag í Litháen, án skólagöngu eða þátttöku í samfélaginu. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og sýndar skyggur.

Myndlistaskóli Jurate Stauskaite er einkarekinn skóli og eru kennararnir allir starfandi myndlistarmenn. Skólinn var stofnaður fyrir 11 árum í kjölfar sjálfstæðisfyrirlýsingar Litháens. Í myndlistarkennslunni er lögð áhersla á að ýta undir skapandi hugsun og vinnuleið nemenda.

Sýningin er í boði Myndlistaskólans í Reykjavík en fulltrúar skólans fóru til Vilnius vorið 2001 og settu upp sýningu þar á verkum nemenda í barna- og unglingadeild skólans. Sýningarnar eru hugsaðar sem upphaf samskipta á milli skólanna í formi skiptisýninga og fleira.

Sýningin stendur fram yfir páska.

## Málþing um Breiðholtið

Í TILEFNI af sýningunni Breiðholt: frá hugmynd að veruleika verður málþing í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag kl. 19 sem listasafnið stendur fyrir ásamt Arkitektafélagi Íslands.

Framsögumenn eru arkitektarnir Örn Baldursson, Geirharður Þorsteinsson, Guðrún Jónsdóttir og landslagsarkitektinn Reynir-Vilhjálmsson, Ágústa Kristófersdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar um

Breiðholtið, Birna Bjarnleifsdóttir kennari og Sigurður Kári Kristjánsson lögfæðingur

Málþingið er stefnumót skipulagshöfundanna, íbúa hverfisins og annarra sem áhuga hafa á að kynna sér hvaða áhrif skipulag hefur á mannlífi.

Umræðum stjórnar Hafliði Helgason blaðamaður. Pallborðsumræður og fyrirspurnir úr sal verða að framsögum loknum.



Ljósmynd á sýningunni Breiðholt: frá hugmynd að veruleika.

## TÓNLIST

Borgarleikhúsið

KAMMERTÓNLEIKAR

**Þorsteinn Hauksson:** Cho. **Kaija Saariaho:** NoaNoa; **Cendres.** Guðni Franzson: Jól (frumfl.). Þórunn Magnússon: Concertino (frumfl.). **Jukka Koskinen:** Diplópía (frumfl.). **Bryndís Halla Gylfadóttir, selló;** Hilmar Jensson, rafgítar; **Kolbeinn Bjarnason, flautur; Mattías Hemstock, slagverk; Valgerður Andrésdóttir, píano.** **CAPUT-sinfóníettan** (Áshildur Haraldsdóttir, flauta; **Eydís Franzdóttir, óbó; Rúnar Óskarsson, klárinett; Brjánn Ingason, fagott; Emil Friðfinnsson, horn; Sigurður Þórbergsson, básúna; Jukka Koskinen, píano; Tatu Kantomaa, harmónikka; Greta Guðnadóttir, Hildigunnur Halldórsdóttir, fífla; Guðmundur Kristmundsson, víola; Hrafnkell Orri Egilsson, selló; Hávarður Tryggvason, kontrabassi). **Dansskáld:** Lára Stefánsdóttir. **Dansari:** Jóhann Freyr Björgvinsson. **Stjórnandi:** Guðni Franzson. **Forritun og hljóðstjórn:** Ríkhildur H. Friðriksson. **Ljós:** Kári Gíslason. **Laugardaginn 9. marz kl. 15.15.****

NÝI salur Borgarleikhússins var ólíkt betur setinn á „15:15“-tónleikum Caputmanna á laugardaginn en viku fyrr. Hvort frumflutningur órballetts Guðna Franzsonar og Láru Stefánsdóttur hafi þar gert útslagið skal ósagt. Hitt er víst, að víða á Norðurlöndum þætti aðsókn upp á riflega stórt hundrað fréttæm þegar framsækin listmúsík er í boði.

Cho fyrir flautu og tölvuhljóð eftir Þorstein Hauksson var efst á blaði. Það var samið 1992 fyrir Kolbeinn Bjarnason og rámar mann í að hafa heyrt það snemma á áratugnum í Skálholtskirkju, ef þá ekki í Kristskirkju, þar sem grunnur tölvuhljóðanna var fenginn, byggður á upptökum af flautuleik Kolbeins. Heiti verksins er bergmál af nafni skógardis-arinnar Ekkóar (Echo), sem í grískri goða-sögn varð svo hugfangin af sjálfelska unglingnum Narkissosi að hún færðist öll burt svo röddin ein varð eftir. Flauta Kolbeins var uppmögnuð við rennblautan rafenduróm, enda ekki mikið úr heyrð Nýja sviðs Borgarleikhússins að hafa, og lék til skiptis hróð stökk, flúr og lengri líðandi tóna við marg-

litan hljóðabakgrunn úr vítt dreifðum hátölurum. Heildarsvipurinn var heiðrifkt töfrandi, og þegar tölvuhljóðin undir lokin renndu sér niður að miðlægum punkti kom „psýkedelíska“ atriðið í 2001 mynd Kubricks upp í hugann.

NoaNoa eftir Kaija Saariaho sagði í tónleikaskrá að merkti „ylmandi“ [sic?], m.ö.o. rífrildi, átök. Það var jafngamlt Cho, einnig samið fyrir flautu og tölvuhljóð og eftir virtustu núlifandi tónskáldkonu Finna. Ólíkt verki Þorsteins, sem miðlaði allskynjanlegri atburðarás að manni fannst, verkaði finnska tónsmíðin frekar eins og kyrrstæður hljóðskúlptúr. Tónmálið var afar framsækið. Flautuleikarinn blés, hvæsti, frussaði og rumdi og skilaði nánast öllu öðru en hefðbundnum flautuleik, í milli þess sem hann skipti á miklum og engum rafendurómi einleiksflautunnar með fetilrofa. Tölvuhljóðin voru öll af vélrænum toga og óralangt frá heillandi ævintýraheimi fyrsta atriðis, enda saxaðist fljótt á þolinmæði manns í þessu frekar langdregna verki.

Jói, ballett Guðna og Láru, kom undirrituðum fyrir sjónir sem e.k. lífshlaupslysing frá vöggu til grafar í stundum höggmyndarkenndum, stundum akróbátískum, dansi Jóhanns Freys Björgvinssonar. Þótt verkið væri sagt samið fyrir rafgítar og slagverk, hljómaði útfærsla þeirra frekar eins og rafhljóð. Peim var sparlega beitt en urðu áhrifa-

# Frá vöggu til grafar

meiri fyrir vikið, með áberandi rafkyns „vibra-slap“ skrölti í byrjun og enda sem minnt gat á niðurhægt andakall skotveiðimanna. Að öðru leyti skiptust á afströkt en þó púlstengd og danshæf hrynmynztur („patterns“ á hljóðversmáli) sem virtust stjórnuð í rauntíma af höfundi við hlið tölvuborðs Ríkhilds H. Friðrikssonar. Hljóð og hreyfingar voru markvisst saman tvinnuð frá byrjun til enda og uppskar ballettinn dynjandi góðar undirtektir tónleikagesta.

Cendres frá 1998 eftir Saariaho fyrir hina í fljótu bragði aðlaðandi áhöfn altflautu, sellós og píánós heyrðist nú í fyrsta sinn á Íslandi. Verkið birtist sem ógafull etýða um „van“ eða „of“ – ýmist berstripað tíðindaleyfi eða algjört umferðaröngþveiti – við stóroltóttu dýnamík, og ekki gott að segja hvort andstæð hugmyndatengsl elds og kulnunar frá franska heitinu (aska) hafi vakið fyrir höfundi. Hér mátti heyrja ýmsar andvana tiktúrur hefðbundinnar framúrsteffnu, enda kom verkið þegar upp var staðið, þrátt fyrir innlifaðan samleik tríosins, undirrituðum mest á óvart fyrir að ná aðeins 9 mínútna tímalengd.

Oktett fyrir flautu, óbó, fagott, horn, harmóníku (tónleikaskráritari gleymdi að geta Tatus Kantomaa meðal hljóðfæraleikara), fífla, selló og kontrabassa að nafni Concertino eftir Þórð Magnússon var meðal frumfluttra verka við þetta tækifæri. Litskrúðug áhöfnin í anda síðvínarklassískra kammer-

hópa Schuberts og Spohrs bar með sér ógrynni skemmtilegra samstillingarmöguleika, sem Þórður nýtti sér af þónokkru hugviti. Auk íðandi „urmulkóra“ (nærri því *sine qua non* í nýrri tónlist) gætti líka líðandi hvíldarflata, og meðal hlustvænna þátta mætti nefna hressandi ófeimni höfundar við púlstrýmisk innslög og jafnvel vott af gamaldags kontrapunkti á stangli. Dramatískar alþagnir voru og meðverkandi krydd í súpu, og herskár marskaflarnir hefðu getað verið fyrirtaks undirlagningarefni í framtíðarstríðsmynd. Aðeins blániðurlagið verkaði endasleppt. Allt í einu var „allt búi“ eins og börnin segja. Verkinu var engu að síður tekið með kostum og kynjum.

Síðasta atriði var frumflutningur Dilopiu, verk finnska tónskáldsins Jukka Koskinen fyrir 13 hljóðfæri (tréblásarakvintett, strengjakvintett, básúna, slagverk og píano). Verkið var sérstaklega samið fyrir CAPUT-hópin og lék höfundur sjálfur með á píano. Það hófst og endaði á hægum „inn- og útsónunum“ stakra hljóðfæra, ekki ólíkt eldra verki Finnans, Ululation, sem heyrzt hefur hér og ku hafa farið sigurför um alla álfu, ef trúa mátti örvandi forkynningu stjórnandans. Verkið var víðamikil í breidd og lengd (rúmt kortér) og stigmagnaðist upp í gríðarlega ringulreið um miðbikið sem hefði sett jafnvel marguppteikið fuglabjarg í skammarkrókinn, þar sem hver hljóðfæraródd sat við sinn einkakeip óháð öðrum. Tónefnið og meðferð þess virtust annars almennt skyldari fagurfræði raf- og tölvuverka en hefðbundinna hljóðfæra, og kom því nokkuð sem skrytla úr sauðarlegg að heyra stutt trommusláttarinnskot í þungarokkstíl úr setti Mattíasar Hemstock í miðjum klíðum. Löturhægt ris og hnig verksins í og úr jötuneflu kaosi hámarks-hlutans í ósérhlífinni túlkun Caput-manna lét þó engan ósnortinn, enda hlaut Dilopia heitustu móttökur dagsins.

Ríkarður Ö. Pálsson